

Hverfisráð Hríseyjar

133. fundur

Þriðjudaginn 3. mars 2020 kl 20:00 var haldinn 133. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Hermann Jón Erlingsson, Ingólfur Sigfússon og Claudia Werdecker

Dagskrá:

1. Staða og samantekt á verkefnum hverfisráðs

Farið yfir stöðuna á verkefnum hverfisráðs. Trello verkbeiðnakerfið notað til að halda utan um verkefni, formaður kynnti kerfið fyrir hinum nefndarmönnum. Farið yfir ókláruð málefni úr eldri fundargerðum. Rædd voru sérstaklega eftirfarandi málefni:

- a. Skipulag á hátíðarsvæðinu
- b. Bryggjuviðgerðir - ákveðið að semja bréf
- c. Austurvegur

Eftirfarandi mál sem eru í vinnslu hjá hverfisráði voru dagsett með fyrirhugaða lokadagsetningu:

- a. Fánastöng á hátíðarsvæðinu: 5. júní 2020
- b. Grillhús á hátíðarsvæðinu: 15. júní 2020
- c. Skjólveggur við sviðið: 1. júlí 2020
- d. Sjósundaðstaða - stigi: 1. júlí 2020

2. Brothættar byggðir - næstu skref

Framhald með byggðaþróunarverkefnið Brothættar Byggðir rætt. Hverfisráð óskar eftir fundi með fráfarandi verkefnastjórn.

3. Cittaslow

Innganga að Cittaslow samtökum rædd. Formaður tekur að sér að kanna hver næstu skrefin eru.

4. Innkomið bréf frá Rarik v. vararafstöðvar

Hverfisráð staðfestir móttöku svarbréfs frá Tryggva Þ. Haraldssyni, forstjóra Rarik (17. febrúar 2020). Í bréfinu er meðal annars tilkynnt að tryggt verði að vél varaafstöðvar sé í ásættanlegu ástandi og samið verði við vélstjóra um að sinna keyrslu á vélinni amk þar til varaafli fyrir Dalvík verður komið í betra stand. Hverfisráð fagnar þessari ákvörðun Rarik og ítrekar mikilvægi þess að varaafli sé til staðar fyrir eyjuna.

5. Innkomið bréf frá Ferðamálafélagi Hríseyjar

Hverfisráð staðfestir móttöku skriflegs erindis frá Ferðamálafélagi Hríseyjar varðandi tjaldsvæðið í Hrísey (19. febrúar 2020) og tekur undir með Ferðamálafélaginu að bæta þurfi aðstöðuna ásamt því að auglýsa tjaldsvæðið

betur. Hverfisráð óskar eftir að Akureyrarbær komi málinu í farveg svo unnt verði að bæta aðstöðuna á tjaldsvæðinu fyrir sumarið.

6. Önnur mál

- a. Framkvæmdafé 2020
Óskað eftir fundi með fulltrúa frá umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar til að fá skýrari mynd af því hvernig framkvæmdafé 2020 mætti ráðstafa.
- b. Gámasvæðið
Hverfisráð fagnar að ekki hefur verið tekið upp klippikortakerfi í Hrísey eins og til stóð.
- c. Fjarvinnslustörf
Hverfisráð fagnar því að Þjóðskrá Íslands hafi í samvinnu við verkefnið Brothættar byggðir og Akureyrarbæ auglýst fjarvinnslustarf í Hrísey. Heimildir herma að margir hafi sótt um starfið og því óskar hverfisráð eftir því við Akureyrarbæ að unnið verði markvisst að því að finna fleiri sambærileg störf sem unnt er að vinna í fjarvinnslu frá Hrísey. Nauðsynlegt er að fjölga störfum til að minnka atvinnuleysi í Hrísey en jafnframt stuðla að mögulegri fólksfjölgun í eyjunni. Samfélagsleg áhrif af einu starfi geta verið heilmikil, til dæmis ef barnafjölskylda flytur með þeim starfsmanni sem ráðinn er og fjölgun verður í skólanum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:50

Claudia Werdecker
Hermann Jón Erlingsson
Ingólfur Sigfússon

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker